

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 24/1995  
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 31/1995)

**Hótel Djúpavík gegn samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi, dags. 19. nóvember 1995, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála, 23. nóvember s.á., hefur Eva Sigurbjörnsdóttir, hótelskýra á Hótel Djúpavík, skotið [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 31/1995](#) frá 26. október 1995 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með ákvörðuninni var kvörtun áfrýjanda, vegna samkeppnisstöðu Hótel Djúpavíkur gagnvart gisti- og veitingaþjónustunni í verbúð í Norðurfirði, vísað frá samkeppnisráði.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 31/1995 verði numin úr gildi og lagt verði fyrir samkeppnisráð að taka afstöðu til erindisins.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun nr. 31/1995 verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

**II.**

Málavextir eru þeir að í júlí 1995 var opnuð veitinga- og gistiþjónusta í verbúð í Norðurfirði. Verbúðin er í eigu Árneshrepps, sem leigði húsnæðið ásamt áhöldum til Bergþóru Gústavsdóttur. Bergþóra greiddi sveitarfélaginu kr. 20.000 í leigu á mánuði, en rafmagn var innifalið í leigunni. Leigusamningurinn hafði einnig að geyma aðra skilmála sem hér verða ekki raktir.

Gistiþjónustan í Norðurfirði var rekin í tvo mánuði árið 1995, þ.e. júlí og ágúst. Verð fyrir gistingu var kr. 1.500. fyrir svefnpokapláss og kr. 2.000 fyrir uppþúíð rúm og var morgunmatur innifalinn.

Hótel Djúpavík er rekið árið um kring. Á milli Djúpuvíkur og Norðurfjarðar eru 30 km. Milli þessara staða er grunnskóli í Trékyllisvík og rak sveitarfélagið þar svefnpokagistinu sumarið 1995.

Með bréfi, er barst Samkeppnisstofnun 1. ágúst 1995, kvartaði áfrýjandi yfir samkeppnisstöðu sinni gagnvart gisti- og veitingaþjónustu í verbúðinni í Norðurfirði, Árneshreppi.

Erindið var sent til oddvita Árneshrepps sem gaf umsögn um málið með bréfi, dags. 19. ágúst s.á.

Þann 10. október 1995 gaf Bergþóra Gústavsdóttir munnlega skýrslu um málið hjá Samkeppnisstofnun.

Á fundi samkeppnisráðs 26. október 1995 var ofangreint erindi Hótel Djúpavíkur tekið fyrir. Í ákvörðun ráðsins nr. 31/1995 segir m.a.:

*„Í því máli sem hér er til umfjöllunar var húsnæði í eigu sveitastjórar Árneshrepps leigt til reksturs gistiheimilis fyrir ákveðið gjald, sem væntanlega var álitnið sanngjarnt af sveitarstjórn. Ekki var um rekstur á vegum sveitarstjórnar að ræða, heldur einkaaðila, og því ekki efni til að beita 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga.“*

Í ákvörðunarorðum segir:

*„Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður við rekstur gistiheimilisins á Norðurfirði séu brot á samkeppnislögum eða stríði gegn markmiðum laganna.“*

*Erindi Evu Sigurbjörnsdóttur, Hótel Djúpuvík hf., frá 1. ágúst 1995 er vísað frá.“*

### III.

Áfrýjandi telur að á sig hafi verið hallað með rekstri gisti- og veitingaþjónustu í verbúðinni í Norðurfirði. Áfrýjandi segir að mjög lág húsaleiga hafi verið greidd fyrir húsnæðið í Norðurfirði, sem varla nægi fyrir rafmagnskostnaði af

slíkri starfsemi. Þá kveður áfrýjandi að ýmsar lagfæringar hafi verið gerðar á húsnæðinu á kostnað sveitarfélagsins.

Áfrýjandi kveður fjárhagsstöðu Hótel Djúpavíkur mjög slæma og hún hafi farið versnandi. Hún bendir á að ferðamönnum hafi fækkað bæði árið 1994 og 1995. Að mati áfrýjanda koma hér til ýmsar ástæður, m.a. að það vanti afþreyingu fyrir ferðamenn, en ekki hafi verið skortur á gistirými.

Áfrýjandi efast um að nokkur ágóði hafi orðið fyrir sveitarfélagið vegna leigutekna fyrir gisti- og veitingaþjónustu í verbúðinni í Norðurfirði.

Loks telur áfrýjandi að tengsl oddvita Árneshrepps við Bergþóru Gústavsdóttur og persónulegar skoðanir áfrýjanda hafi ráðið miklu um afstöðu hreppsins í máli þessu.

#### **IV. Niðurstöður**

Mál þetta snýst um húsnæði í Norðurfirði í eigu sveitarstjórnar Árneshrepps. Það var leigt til einkaaðila í byrjun júlí 1995 til að reka þar gisti- og veitingastarfsemi.

Af hálfu áfrýjanda hefur því m.a. verið haldið fram að sveitarfélagið hafi falið Bergþóru Gústavsdóttur að annast rekstur gisti- og veitingaþjónustu í verbúðinni, að einhverju leyti fyrir sveitarfélagið. Á þessi staðhæfing sér nokkra stoð í greinargerð oddvita sveitarfélagsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála svo og öðrum gögnum málsins.

Áfrýjandi telur jafnframt að leigugjald og aðrir skilmálar hafi verið mun hagstæðari fyrir leigutaka en eðlilegt geti talist og að þeir feli í sér brot á samkeppnislögum.

Samkvæmt 2. gr. samkeppnislaga taka lögin til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ákvæði þetta þykir ekki útiloka að samkeppnisyfirvöld geti gripið til aðgerða gagnvart athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um þær aðgerðir.

Með vísan til þessa telur áfrýjunarnefnd að mál þetta falli undir samkeppnislög. Ber því að fella hina áfrýjuðu ákvörðun úr gildi og leggja fyrir samkeppnisráð að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný.

## V.

### Úrskurðarorð:

**„Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 31/1995, frá 26. október 1995, er felld úr gildi og lagt er fyrir samkeppnisráð að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný.“**